

- Nýir sjónvarps- og útvarpsmiðlar fara aðrar leiðir en gömlu miðlarnir. Hvaða leiðir eru það?
- Gott sjónvarpsefni getur haft mikil áhrif. Teljið þið að prentað mál geti lifað af samkeppni við það sjónvarpsefni sem er í boði?
- Sjónvarpstækið gegnir lykilhlutverki á heimilum. Það kemur í stað arinsins eða píanósins. Í hverju húsi var talið nauðsynlegt að hafa sjónvarpsherbergi. Teljið þið að það hafi breyst og af hverju?
- Útvarpsstöðvar velja sér markhóp og sníða dagskrá sína að honum. Þetta hefur bein áhrif á eðli og efnistöð þeirra, hverjir eru þáttastjórnendur og gestir, hverjir koma í viðtöl, hvernig efni er sett fram, hvaða tónlist er spiluð og þar fram eftir götunum. Er nóg í boði fyrir alla? Er einhver hópur útundan?

### Ljósvarkamiðlar

Þegar talað eru um ljósvarkamiðla, er átt við sjónvarp og útvarp. Rúm eitt hundrað ár eru síðan tæknin til að útvarpa koma til sögunnar.<sup>1</sup> Hér á Íslandi hóf Ríkisútvarpið reglulegar sendingar síðla árs 1930. Þessar útvarpssendingar voru einráðar á Íslandi þar til árið 1983 en þá hóf Ríkisútvarpið að senda út á annarri rás. Þremur árum seinna var einokun ríkisins á útvarpssendingum aflétt og einkareknar útvarpsstöðvar hófu þá sendingar sínar, hver af annarri.<sup>2</sup>

Útsendingar útvarpsins breyttu miklu á heimilum landsins og var flutningur á almennum fréttum og veðurfréttum strax mikilvægur. Menningartengt efni eins og leikrit, sögur og þjóðlegur fróðlegur varð einning mjög vinsælt. Í barnsminni mínu eru kvöldstundir þar sem öll fjölskyldan sat inn í stofu og hlýddi á útvarpsleikrit eða – sögu. Framhaldssögur voru mjög vinsælar og í mörgum tilfellum hlustaði nánast öll þjóðin á lestur þeirra. Sögur eins og Bör Börsson og Greifinn af Monte Kristó náðu eyrum vel flestra Íslendinga. Í fjölskylduboðum ræddu svo gestir um þessar sögur, túlkuðu persónurnar og reyndu að ímynda sér hvernig framhald sögunnar yrði. Fréttatímarnir voru heilagir, því þegar slíkar útsendingar voru í loftinu var bannað að hafa hátt. Fullorðna fólkið varð að hlusta á fréttirnar og veðurfréttirnar voru ekki síður mikilvægar. Þegar fréttapulurinn hóf upp raust sína, sat fjölskyldan við matarborðið og naut matarins þögl. Frá þessum tíma tengdi ég alltaf rödd fréttapula við soðna ýsu og mörflot.

Við börnin lærðum fljótt að hlusta líka og fylgjast með. Ég man þó eftir því að útvarpstækið sjálft vakti meiri athygli mína en það sem kom frá því, ég gat setið tímunum saman og reynt að horfa inn í það og sjá litla fólkið sem hlaut að búa þar. Ég velti því fyrir mér hvernig þetta litla fólk sem bjó í útvarpinu leit út og hvað það gerði þegar við slökktum á útvarpinu.

Þessar sameiginlegu stundir fjölskyldunnar yfir útvarpinu voru í ætt við kvöldvökurnar sem viðgengist höfðu á íslenskum heimilum um aldir. Fólk sat saman og hlustaði og ræddi svo um efni útsendinga á eftir. Fréttáútsendingar rufu einangrun fólks, allt í einu var hægt að fylgjast með atburðum á fjarlægum stöðum í afskekktum sveitum á Íslandi.

<sup>1</sup> „A Brief History of Radio - YouTube“.

<sup>2</sup> „Námssþing Borgarholtsskóla: Innskráning“.

Árið 1955 hófust fyrstu sjónvarpssendingar á Íslandi, en þá hóf bandaríksi herinn útsendingar sínar til íbúa á Keflavíkurflugvelli.<sup>3</sup> Útsendingar hersins náðust um allt suðvestur horn landsins og sjónvarpseign á þessu svæði fór ört vaxandi. Um haustið 1966 hóf Ríkisútvarpið sjónvarpssendingar sínar og tuttugu árum seinna var einokun þess rofin og önnur sjónvarpsstöð hóf útsendingar sínar.<sup>4</sup>

Í árdaga sjónvarpsins hér á landi, voru heimili sem áttu slík tæki mjög vinsæl. Er mér minnisstætt hvernig við krakkarnir knúðum dyra á slíkum heimilum og fengum að horfa á valda dagskrárliði. Börnin hrúguðust inn í stofur, sátu á stólum og gluggakistum og lágu á gólfum og horfðu saman á sjónvarpsþætti. Spenningurinn var mikill og hetjurnar á skjánum urðu síðan viðfangsefni dags daglegra leikja okkar. Allir vildu vera hetjan Roy Rogers.

Smátt og smátt varð sjónvarpseign almennari og sjónvarpstæki komu inn á hvert heimili. Sjónvarpstækið varð miðdepillinn í stofum heimilanna og húsgögnum raðað þannig upp að allir í fjölskyldunni gætu horft á tækið svo að vel færi um þá. Mamma kvartaði oft undan því að tækið réði því hvernig raðað var upp í stofuna og oft var húsgögnum umraðað eftir að dagskrá lauk og svo færð aftur til þegar ný dagskrá hófst næsta dag. Á tímabili var fólk með sérstök sjónvarpsherbergi til að losna við tækið úr betri stofunni og það þekktist að hver heimilismeðlimur hefði sjónvarpstæki inn í sínu svefnherbergi og gæti horft þar á dagskrá að eigin vali óáreittur. Eftir að tölvurnar hófu innreið sína, hefur þetta breyst mikið. Fólk horfir á það dagskrárefni sem það vill, þegar það vill og þar með er saga línulegra sjónvarps- og útvarpssendinga úr sögunni.

Á fyrstu árum sjónvarpsútsendinga horfði nær öll þjóðin á allt efni sem var sjónvarpað. Það var hægt að ganga út frá því að allir hefðu horft á efnið sem var á boðstólum. Í kennslu minni fyrstu árin gat ég ævinlega nýtt mér efni úr sjónvarpinu og verið viss um að nemendur höfðu allir horft á sama þáttinn kvöldið áður, óumbeðnir. Það breyttist fljótlega eftir að fleiri stöðvar hófu útsendingar sínar.

Ef bornir eru saman ljósvakamiðlarnir og “gömlu miðlarnir” í þeirri merkingu að þar sé átt við ritmálið, þá kemur mikill munur fram. Hægt er að hlusta á útvarpssendingar við leik og störf en við lestur ritaðs máls er viðkomandi bundinn við þá iðju eina sér. Ég man reyndar eftir því að afi minn las hátt og snjallt allt sem skrifað var í dagblaðið sem barst á heimilið og aðrir í fjölskyldunni hlustuðu grannt á lesturinn. Fjölskyldur sameinuðust líka yfir sjónvarpssendingum og áttu þar dýrmætar samverustundir. Auglýsendur voru fljótir að sjá möguleikana við þessa nýju miðla og ná til stórs hóps fólks á sama tíma.

Gott sjónvarpsefni hefur mikla yfirburði yfir prentað mál, því þar er hægt að blanda saman sjónrænni og hljóðrænni upplifun. En vel skrifað prentað mál getur líka vakið upp slíkar upplifanir hjá lesanda á jafn áhrifaríkan hátt. Ef ímyndunaraflið er vakið með prentuðu máli, getur það haft jafn djúp áhrif á lesandann og áhorf á sjónvarpsefni. Í prentuðu máli er oft hægt að vera með dýrpi umfjöllun um viðkvæm mál en í sjónvarpsefni. Ég held að sjónvarpsefni, hversu gott sem það kann að vera, muni

---

<sup>3</sup> Sama heimild.

<sup>4</sup> Sama heimild.

aldrei útrýma prentuðu máli og það mun aldrei taka af lesanda það vináttusamband sem lestur góðrar bókar getur verið.

Í umfjöllun sem þessari má ekki gleyma áhrifamætti sjónvarps- og útvarpsfólks sem urðu fljótlega nokkurs konar heimilisvinir. Fólk þekkti raddirnar í útvarpinu og fannst notalegt að heyra sömu einstaklingana lesa dagskrárefni dag eftir dag. Andlitin sem birtust á sjónvarpsskjánum urðu á sama hátt nokkurs konar heimilisvinir og hlutar af lífi þjóðarinnar.<sup>5</sup>

Svarið við spurningunni um það hvort ljósvakamiðlar sinni öllum þjóðfélagshópum er einfalt: Fólk finnur það efni sem það hefur áhuga á að horfa eða hlusta á. Ef ekki í íslenskum ljósvakamiðlum, þá í þeim erlendum. Aðgengi að dagskrárefni er meira en nóg á heimsvísu og allri sem áhuga hafa á að horfa og hlusta geta fundið eitthvað efni við sitt hæfi.

Í dag er litið á ljósvakamiðla og prentmiðla sem gamla miðla, en nýmiðlarnir eru netmiðlarnir sem tengja saman ljósvakamiðla og prentmiðla. Þessa nýmiðla kallar Jónas Kristjánsson símiðla og samþætta þeir hefðbundna miðla eins og útvarp, sjónvarp og prentmiðla.<sup>6</sup> Þegar öllu er á botninn hvolft er það trúlega rétt að það skiptir ekki máli hver miðillinn er, aðalatriðið er að koma á framfæri efni sem fólk getur valið um hvort það meðtekur eða ekki.

## Heimildaskrá

„0311 Fornir fjandvinir - Jónas Kristjánsson“. Sótt 13. febrúar 2017.

<http://www.jonas.is/namskeid/03-nymidlun/0311-fornir-fjandvinir/>.

„A Brief History of Radio - YouTube“. Sótt 13. febrúar 2017.

<https://www.youtube.com/watch?v=RdfrC7zz8Nc&feature=youtu.be>.

„Bill Kelly - The importance of radio in people's lives - YouTube“. Sótt 13. febrúar

2017. <https://www.youtube.com/watch?v=WpdKfFHR6Lg&feature=youtu.be>.

„Námsþing Borgarholtsskóla: Innskráning“. Sótt 13. febrúar 2017.

<http://kennsla2.bhs.is/login/index.php>.

13.febrúar 2017

Sigurlaug Kristmannsdóttir

---

<sup>5</sup> „Bill Kelly - The importance of radio in people's lives - YouTube“.

<sup>6</sup> „0311 Fornir fjandvinir - Jónas Kristjánsson“.